

Fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Hellna og Stapa

Fundurinn var haldinn á Teams 22.9.2020 kl. 14:00

Fundarmenn:

Ragnhildur Sigurðardóttir, fulltrúi Svæðisgarðsins Snæfellsness
Magnús Á. Sigurðsson, minjavörður
Jón Björnsson, þjóðgarðsvörður
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Umhverfisstofnun
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir, Umhverfisstofnun (ritaði fundargerð)

Boðuðu forföll:

Kristinn Jónasson
Lydía Rafnsdóttir
Linda Björk Hallgrímsdóttir, Umhverfisstofnun

Fjarverandi:

Ólína Gunnlaugsdóttir, íbúi og landeigandi
Hjálmar Kristjánsson, íbúi og hagsmunaðili

Dagskrá:

1. Staða verkefnisins. Farið yfir 3. kafla.
2. Önnur mál.

Fundarefni:

1. Staða verkefnisins

Guðbjörg fór fyrst yfir leiðarljósið. Allir samþykktu breytingarnar sem Guðbjörg lagði til, að stytta það. Næst var farið yfir 3 kafla.

Kafli 3.2: umræða fór fram um

- Hvar eigi að vera aðgengi fyrir alla.
- Að hagsmunarárekstrar geti orðið ef aukin umferð verður um svæði 1.
- Svæðið við vitann orðið hættulegt. Líklegt að hann verði lokaður af.
- Uppbygging fyrirhuguð við Músagjá og hönnun nánast klár, stefnt á framkvæmdir í vor.
- Jón fór yfir framtíðarsýnina. Rætt um hættur á svæðinu og hvort hægt sé að gera allt svæðið alveg öruggt. Stefnan að öruggt sé að halda sig á þeim stígum og pöllum sem eru fyrir hendi og verða byggðir upp.

- Rætt um að áhugavert væri að gera höfnina aðgengilegri fyrir ferðamenn, hvaða möguleikar eru í því. Heyra í hafnarverði með það.

Kafli 3.3. Rætt í tengslum við lúpínu og framandi gróður að vandinn sé í sumarhúsabyggðinni. Rætt að senda fréttabréf á íbúa um verkefni á friðlýsta svæðinu og kynna hugmyndir varðandi lúpínuna, setja inn sem aðgerð. Aðgerðin á líklega frekar heima í kaflanum um fræðslu og kynningu.

Kafli 3.4. Magnús var búinn að senda inn athugasemdir að Minjastofnun væri undanþegin drónabanni.

Kafli 3.5.2. Rætt var um dróna. Drónabann er hugsað bæði vegna fugla og fyrir upplifun gesta. Einnig komið inn á öryggi ferðamanna, að drónar geti verið hættulegir ef mannfjöldi er mikill. Til lítils að banna það eingöngu í friðlandinu ef það er leyft í næsta nágrenni, utan þess. Hvernig er hægt að tækla þetta? Upplýsingar um drónabann þurfa að vera utan friðlandsins þar sem ferðamenn er að finna. Í raun þyrfti drónabannssvæðið að vera stærra en í friðlandinu. Gengur ekki að bannið nái bara yfir 50 metra sem eru friðlýstir. Rætt að stjórnvöld þurfi í raun að taka á þessu almennt fyrir allt landið. Þarf að taka upp með sveitarfélaginu að setja reglur.

Kafli 3.5.3. Þolmarkagreiningar dýrar og tímafrekar. Spurningarmerki hvort aðgerðin um þolmarkagreiningu eigi við í áætluninni, ákveðið að taka út, árlegt ástandsmat eigi að nægja.

Ragnhildur hefur áhyggjur af kríunni. Ekki allir ferðamenn hrifnir af henni og heimamenn hafa áhyggjur af ferðamönnum sem sýna henni ekki þá virðingu sem hún á skilið. Kríuvarpið er við mörk friðlandsins en vel var tekið í að setja upp upplýsingaskilti um kríuna.

Jón kom inn á samkomulag við Náttúrustofuna um að rannsókn fari fram á náttúrufari áður en nýir innviðir eru settir upp.

Bæta við í Innviðakaflann að innviðir eiga ekki að vald röskun eða álagi á lífríkið.

Kafli 3.6; setja inn ábendingar um kríuna.

Kafli 3.7; rétt að hafa deiliskipulagið inni, það þarf að vinna út af útsýnisstöðum.

Kafli 3.7.5; göngustígar kæmu fram í deiluskipulagi.

Kafli 3.7.6. Hópurinn sendi Guðbjörgu hugmyndir að skiltum sem mætti/þyrfti að setja upp. Gerður verði óskalista yfir skilti sem setja þarf upp. Gæti verið í viðauka áætlunarinnar.

Kafli 3.10. Buffersvæði þarf að gera í samráði við sveitarfélög. Hverfisvernd. Fuglaverndarsvæði.

Kafli 3.11. Vantar nýlegar rannsóknir í kafla 2 og þær sem eru fyrirhugaðar í þennan kafla.

Sérreglurnar: Sérreglur kynntar, staðlaðar reglur sem stofnunin hefur komið sér upp sem hægt er að staðfæra. Fundarmenn fari yfir og taki út það sem ekki á við og bæti inn því sem vantar. Nýjasta dæmið frá Dyrhólaey.

Spurning hvort endurskoða þurfi **auglýsinguna um friðlandið**. Það yrði þá aðgerð. Jón skoðar þetta milli funda.

Rætt um **kortagerð**. Þyrfti að vinna kort með upplýsingum fyrir ferðamenn, örnefnum o.fl.

Fundi slitið 15:27